

8. fundur haldinn mánudaginn 2.nóvember 2015 í Ráðhúsi Stykkishólms og hófst hann kl. 18:00

Mættir:

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi
Kristín Björg Árnadóttir – Snæfellsbæ
Gísli Guðmundsson - Eyja- og Miklaholtssveit
Sólrún Guðjónsdóttir – Grundarfirði
Hjördís Pálsdóttir – safnstjóri

Sturla Böðvarsson kom á fundinn undir fyrsta lið dagskrár, og vék af fundi að þeim lið loknum.

Dagskrá fundarins:

1. Samþætting á rekstri safna í Stykkishólmi

Sturla fór yfir þær breytingar sem framundan eru í safnamálum Stykkishólmsbæjar, bæði til að hagræða í rekstri og auka tekjur. Sturla yfirla fundinn að þessum lið loknum.

2. Styrkir

Hjördís fór yfir stöðu mála er varða styrki. Sumarsýningin á að vera um ATON húsgögn og er verið að sækja styrk til safnaráðs. Einnig er verið að sækja um útiskiltasýningu – „Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði“, með 12 skiltum víðs vegar við Breiðafjörð.

Einnig sækir hún um rekstrarstyrk til safnaráðs og fyrir þjóðbúningahátíðinni.

3. Markaðssetningarmál

Hjördís fór yfir tilboð varðandi vefsíðu og bæklingagerð fyrir Norska húsið. Töluverð umræða var um bæklinga, útlit, prentunarmöguleika, þýðingar og fleira. „Stjórn mælir með því að leitað verði tilboða í markaðsmál sem víðast eða á öllu Snæfellsnesi“

4. Jólaopnun

Hjördís fór yfir jólaopnunartíma Norska hússins, hefðbundin jólaopnun og svo verður sýningin "Veðrun og viðsnúningur" á vegum Grunnskóla Stykkishólms. Þrjá fimmtudaga í desember verður markaður þar sem heimamenn selja vörur sínar. Opnið frá kl 14-18 alla daga frá lok nóvember og fram að Þorláksmessu. Talað var um að auglýsa víðar svo að sem flestir á Snæfellsnesi geti notið jólaopnunar í Norska húsinu. Jólamarkaður verður öll fimmtudagskvöld í desember frá kl. 20-22.

5. Veðurhátíð

Hjördís sagði frá fyrirhugaðri Veðurhátíð í Stykkishólmi, þar sem Árna Thorlaciusar verður minnst.

6. Söfnunar- og sýningarstefna Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla 2015-2019

Hjördís fór yfir stefnu sem gerð var fyrir 2011-2014, endurnýja þarf þessa stefnu. Hjördís mun senda stjórnarmönnum afrit og hefja þarf fljótlega vinnu við nýja stefnu. Stefnt verður að því að hefja þessa vinnu í byrjun árs 2016.

7. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður 13. janúar 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:00